

Byggðamálaráð

Fundargerð 10. fundar byggðamálaráðs Fjarfundur haldinn 1. október 2020 kl. 13.00

Dagskrá:

- 1. Áherslur ráðherra við endurskoðun byggðaáætlunar**
- 2. Vinna við stöðumatið (grænbókina)**
- 3. Samráðsfundir í október**

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Karl Björnsson, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Hermann Sæmundsson, Sigtryggur Magnason, Reinhard Reynisson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áherslur ráðherra við endurskoðun byggðaáætlunar

Byggðamálaráð hafði fengið send drög að áherslum ráðherra varðandi endurskoðun byggðaáætlunar. Voru þau rædd og gert ráð fyrir að áherslur ráðherra liggi fyrir í byrjun næstu viku.

2. Vinna við stöðumatið (grænbókina)

Fyrir liggur rammi að stöðumati sem ráðsmenn höfðu fengið fyrir fundinn. Farið var yfir uppbyggingu skýrslunnar og rætt um hvaða tilgangi hún eigi að þjóna. Fram kom að tilgangurinn væri að meta stöðu byggðamála í dag, hvernig hefði til tekist við framkvæmd byggðaáætlunar og hverjar eru helstu áskoranir sem stjórnvöld standa frammi fyrir. Matið mun meðal annars byggja á hvernig gengið hefur að framkvæmda einstakar aðgerðir byggðaáætlunar og stöðu árangursmælikvarða. Jafnframt verður leitað eftir skoðunum frá fulltrúum sveitarfélaga, ráðuneyta og þingflokkja á samráðsfundum sem fyrirhugaðir eru nú í október.

3. Samráðsfundir í október

Upplýst var að fulltrúar ráðuneytisins og Byggðastofnunar munu halda samráðfundi með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga þar sem leitað verður eftir mati þeirra á stöðu byggðamála, framkvæmd byggðaáætlunar og helstu áskorunum. Áætlað er að fyrsti fundurinn verði 12. október n.k. Vegna Covid-19 faraldursins verður um fjarfundi að ræða. Fulltrúar byggðamálaráðs eru hvattir til að fylgjast með fundunum. Þá verða haldnir fundir með fulltrúum úr öðrum ráðuneytunum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá er áætlað að bjóða öllum þingflokkum til samráðsfundar í lok október, áður en stöðumatið fer í samráðsgátt stjórnvalda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.10.